



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 02. mars 2026, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöll

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Sigrún Valþórsdóttir, Haraldur Pétursson, Sigurbjörn Eiríksson, Berglind Guðmundsdóttir

Fjarverandi: Lárus Sindri Lárusson

1. Reiðveganefnd

Jón Magnússon fór yfir nokkur mál sem eru í gangi hjá Reiðveganefnd, þar á meðal lýsingarmál sem hafa gengið frekar hægt, bæði sveitarfélögin eru búnin að laga nokkra staura en eitthvað er í ólagi ennþá.

Laga skógarstíginn, þarf mögulega að skafa ofan af honum stærri steina.

Jón nefndi ástandið á gamla gæðingavellinum og gömlu skeiðbrautinni, orðið svolítið grafið eftir hjólför og háir kantar hafa myndast. Einnig þarf að bera ofan í nýja rekstrarhringinn.

2. Lýðheilsu- og íþróttanefndarfundur

Fundurinn gekk vel, það komu góðar spurningar frá nefndarmönnum og var þeim svarað eftir bestu getu. Ma. rætt um að öll börn fengju iðkendastyrki og Kópavogur nefndi að það þyrfti að vera eitthvert eftirlit með því, það þyrfti að finna einhvern flöt á því ef að yrði.

Rætt um félagsgjaldið og hvað sé innifalið í því. Þetta var útskýrt og farið yfir þá þjónustu sem félagsmenn þurfa að greiða fyrir sérstaklega. Einnig var rætt um félagshesthúsið, tilgangi þess og þörf á stækkun.

3. Gagnastefna

Sigurbjörn spurði um hvernig gagnastefnu félagsins skuli háttað. Rætt um að gjaldkera, framkvæmdastjóra og formanns netföngin þurfi að lifa á milli stjórna, ekki vera tengd við viðkomandi sem gegnir starfinu hverju sinni. Öðrum má eyða eftir ákveðinn tíma, t.d. eftir 6 mán. Útbúa sjálfvirkir svar sem vísar á sprettur@sprettur.is Jónína kemur með tillögu að gagnastefnu fyrir félagið.

4. Taðmálin

Frestað að sinni.

5. Öryggisnefnd

Það vantar formann í nefndina, ákveðið að prófa að auglýsa og ef það skilar ekki árangri verður athugað með að sameina nefndina við sjálfbærnefnd enda skarast þeirra mál eitthvað. Þó þarf að tryggja að starfsemi þeirrar nefndar verði ekki of viðamikil.

6. Lagabreytingar fyrir aðalfund

Lagabreytingar vegna umsóknar um að verða Fyrirmyndarfélag ÍSÍ eru í vinnslu hjá laganefnd. Búið að ýta við laganefnd.

7. **Hlutir sem þarf að laga í salnum**

Matthildur, umsjónaraðili veislusalarins sendi stjórn lista yfir atriði sem væri gott að laga í salnum. Berglind tekur þetta mál og fer yfir þetta með Bjössa.

8. **Reglur myndavéla/eftirlitskerfið**

Þarf að búa til reglur fyrir eftirlitskerfið. Bara Davíð sem hefur aðgang en engin fær gögn nema lögreglan. Hvar eru myndavélarnar, hvaða tilgangi þjóna þær, hver hefur aðgang og hvernig er geymslu gagna háttað. Jónína kemur með tillögu að reglum fyrir kerfið.

9. **Göngutúr stjórnar um svæðið**

Berglind finnur einhvern tíma í næstu viku fyrir göngutúr stjórnar og starfsmanna um svæðið, milli 6-7, t.d. næsta mánudag. Fyrirhugað er að skoða og meta það sem betur má fara.

10. **Önnur mál.**

Þórdís leit við og nefndi nokkur mál. Ma. að bæði Hörður og Sörli hafa verið að gefa sínum yngri knöpum gjafir fyrir Landsmót. Æskulýðsnefnd ræddi málið og þann möguleika hvort Sprettur gæti gert eitthvað svipað.

Öll námskeið eru uppseld og eftirspurn meiri en framboð. Eiginlega ekki neitt pláss í höllunum fyrir fleiri tíma, amk ekki á þeim tíma sem hentar flestum.

Endurnýja þarf Skemmtistaðaleyfi sem Sprettur er með, það rennur út í sumar. Helst þyrfti að fá leyfinu breytt þannig að það gildi til kl. 01:00, ef það fæst þarf ekki að sækja um tækisfærileyfi fyrir viðburði eins og Þorablót.

Fundi slitið kl. 21:45

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson